

K. Hulda Guðmundsdóttir

Fitjum í Skorradal

sendir hér með:

**Erindi vegna þál. 238 á þskj. 258**

Þann 16. okt. sl. var dreift til þingmanna á þingskjali nr. 258, þingsályktunartillögu nr. 238 frá EKG um „um bætur fyrir tjón af völdum gróðurelda“  
(<http://www.althingi.is/altext/141/s/0258.html>)

Tillagan „ályktar að fela innanríkisráðherra í samráði við umhverfis- og auðlindaráðherra að skipa nefnd, með aðild sveitarfélaga, sem fái það hlutverk að móta annars vegar stefnu um hvernig greitt verði fyrir tjón sem sveitarfélög og einstaklingar verða fyrir af völdum gróðurelda, svo sem sinu- og skógarelda eða sambærilegrar náttúruvár, og ekki er bætt af hálfu tryggingafélaga, og hins vegar að marka stefnu um hvernig staðið verði að forvörnum vegna hættu af gróðureldum. Nefndin skili álit til ráðherra eigi síðar en innan sex mánaða.“

Ef tillagan er brotin upp má sjá að hún kallar á

- \* stefnumótun um hvernig tjónabætur verði greiddar til sveitarfélaga og einstaklinga vegna gróðurelda
- \* skilgreiningu á því hvað eru „sambærilegar náttúruvár“ og sinu- og skógareldar
- \* stefnumörkun um forvarnir vegna hættu af gróðureldum.

Skorradalshreppur hefur frá árinu 2007 unnið að verkefninu „Gerð hættumats og viðbragðsáætlana vegna gróðurelda í Skorradal“ og hefur þrívægis fengið til þess stuðning af fjárlögum. Mjög mikið starf hefur því **nú þegar verið unnið á þeim sviðum** sem tillaga EKG fjallar um.

Undirrituð vill koma því á framfæri að ef Alþingi/ráðherrar ákveða að skipa nefnd, eins og tillagan gerir ráð fyrir, þá sé mikilvægt að sú vinna sem þegar hefur átt sér stað, nýtist. Ekki síst þar sem opinberu fé hefur verið veitt til Skorradalshrepps vegna málaflokksins.

Undirrituð gefur fúslega frekari upplýsingar, ef óskað er.

Virðingarfyllst,

K. Hulda Guðmundsdóttir

Fitjum í Skorradal

---